

# **Siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn Stjórnarráðsins**

Skýrsla Samhæfingarnefndar  
um siðferðileg viðmið fyrir stjórnarsýsluna,  
4. maí 2012

# Tilgangur siðareglna

- Leiðsögn
  - Stuðningur við að komast að réttum niðurstöðum um aðgerðir, ákvarðanir og breytni.
- Stýring
  - Stuðla að aukinni fagmennsku og gagnrýnum umræðum innan stjórnsýslunnar.
- Eftirlit
  - Gera fólki kleift að leggja mat á eigin hegðun og samstarfsfólks.

# Innleiðing siðareglna

- Yfirvald getur ekki sett siðareglur.
- Þær geta því aðeins gegnt hlutverki sínu að þeir sem nota þær, taki þátt í setningu þeirra.
- Skilningur allra notenda á notkun reglnanna þarf að vera sá sami í stórum dráttum.
- Notendurnir verða að vilja reglurnar.

# Hvernig eru siðareglur?

- Innihalda ekki verulega umdeilanleg ákvæði.
- Örva umhugsun um siðferðilegar ákvarðanir.
- Styðja dómgreind, koma ekki í stað hennar.
- Innihalda ekki óvænt eða óljós ákvæði.
- Orða sjónarmið sem gilda almennt.
- Nýtast til umræðna ekki síður en úrskurða.

# Er íslenskt stjórnkerfi spillt?

- Einfalda svarið er: Nei.
- Réttu spurningin er hinsvegar önnur:
- *Er íslensk stjórnarsýsla skipulögð með þeim hætti að hún skapi hættu á spillingu?*
- Við þessari spurningu er ekkert einfalt svar.

# Traust á stjórnsýslunni

- Traust krefst virkra aðgerða til að tryggja og sýna að unnið sé gegn hvötum til spillingar.
- Það dugir ekki að allir séu sammála um að spilling sé forkastanleg.
- Býr íslensk stjórnsýsla við hvata til spillingar?

# Hvatar sem allir þurfa að hafa í huga

- Tækifæri til að nota sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.
- Hagsmunaárekstrar.
- Gjafir, boðsferðir, sérstök fríðindi.
- Virðingarleysi gagnvart *mannhelgi*.

# Hvatar sem eiga sérstaklega við hér

- Fámenni: Vina- og ættartengsl.
- Formleysi: Skeytingarleysi um formlegar kröfur valdamikilla embætta.
- Skortur á fagmennsku: Tilhneiging til að gera lítið úr kvöðum sem fylgja embætti og ábyrgð.



# Siðareglur

## „uppræta“ ekki spillingu

- Nauðsynlegar forsendur þeirra eru:
  - Að spilling sé ekki ríkjandi.
  - Að hægt sé að ganga út frá því sem vísu að starfsfólk/ráðherrar stundi starf sitt af heilindum.
  - Að starfsfólk/ráðherrar sé tilbúið til að horfa gagnrýnið á eigin athafnir.
  - Að áhugi á að vaxa í starfi og auka fagmennsku sé almennur.

# Hvað gerist næst?

- Nýir starfsmenn taki sérstakt námskeið um siðareglur sem feli í sér þjálfun í siðferðilegum ákvörðunum.
- Skipulagðir séu fræðslu- og umræðufundir í ráðuneytum eftir því sem við á.
- Starfsfólk Stjórnarráðsins eigi kost á reglulegum námskeiðum á sviði hagnýtrar siðfræði og beri að einhverju marki skylda til að sækja slík námskeið.
- Komið verði á fót samstarfi við alþjóðlegar stofnanir (OECD, GRECO t.d.) um að þróa og móta áfram siðferðileg viðmið.
- Komið verði á reglulegu ráðstefnuhaldi um siðfræði í opinberu lífi með samvinnu við erlenda aðila.